

Kennari:	Adolf Petersen
Áfangi/fag:	FÉLA2BA05 - Félagsfræði

Stutt lýsing

Fjallað er um samfélagið í ljósi þeirra áhrifa sem það hefur á einstaklinginn og líf hans. Lögð er áhersla á að nemendur verði læsir á umhverfi sitt svo að þeir verði færir um að taka virkan þátt í samfélagslegum umræðum og mynda sér skoðanir á meðvitaðan og gagnrýninn hátt. Í áfanganum öðlast nemendur meðal annars þekkingu á lýðræði, mannréttindum og jafnrétti út frá samspili manns og umhverfis.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum hugtökum sem notuð eru í félagsfræði og skyldum greinum
- félagsmótun og hvernig hún hefur áhrif á líf hvers og eins
- mikilvægum innviðum samfélagsins, svo sem fjölskyldu, trúarbragða, vinnumarkaðar og stjórnkerfis
- hvernig samfélagið mótar einstaklinginn og hvernig einstaklingurinn mótar samfélagið

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- fjalla um ólíka afmarkaða þætti samfélagsins í ræðu og riti
- beita aðferðum félagsfræðinnar við greiningu og túlkun upplýsinga
- tjá sig um samspil félagsmótunar og einstaklings
- beita skapandi hugsun og vinna á sjálfstæðan og ábyrgan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- yfirfæra þekkingu sína á félagsmótun og hvernig hún hefur áhrif á líf einstaklings
- taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðislegu samfélagi
- bera saman hugtök og hugmyndafræði til að mynda sér sértæka skoðun á helstu innviðum samfélagsins
- draga ályktanir um eigið samfélag og geta borið það saman við aðrar samfélagsgerðir

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Félagsfræði – Einstaklingur og samfélag. Höfundur: Garðar Gíslason

Námsmat

Ýmis verkefni, ástundun og þátttaka: 20%

Lokapróf 80% (gagnapróf – nemendur mega hafa bókina og glósur við hendina á prófinu)